



Málsnr.: 201706050
Skjalasafn Mosfellsbæjar – Kjarna

Bæjarráð Mosfellsbæjar
Þverholt 2
270 Mosfellsbær

6 SEP 2018
Bréfalykill: 17. 20. 1

Efni : Varðar fjármögnun Golfklúbbs Mosfellsbæjar (GM) og uppbyggingu á æfingaaðstöðu

Þær væntingar sem bundnar voru síðast liðinn veturnið að hægt væri að tryggja GM hagstæða fjármögnun og til að ljúka ákveðnum lykil verkefnum hjá klúbbnum varðandi æfingaaðstöðu úti og inni hafa því miður ekki gengið eftir. Klúbbnum er því vandi á höndum.

Haustið 2017 var umræða milli GM og Mosfellsbæjar um erfiða fjárhagsstöðu klúbbsins í kjölfar byggingu íþróttamiðstöðvar auk fjármögnun á uppbyggingu á æfingaaðstöðu og til endurnýjunar á tækjakosti. Að tillögu bæjarins var ákveðið að fá Capacent til aðstoðar við fjárhagslega endurskipulagningu klúbbsins. Capacent stillti upp áætlunum og sem áttu að tryggja klúbbnum aðgengi að hagstæðum langtímalánum hjá lífeyrissjóðum. Þá lagði Mosfellsbær klúbbnum til myndarlega fjárhæð til uppbyggingar hjá klúbbnum. Þessi fyrirhuguðu lán ásamt styrk bæjarins áttu að duga til að endurfjármagna lán, kaup á nauðsynlegum tækjabúnaði og koma upp æfingaaðstöðu úti og inni.

Því miður reyndist ekki unnt að fá þá lánavfyrirgreiðslu hjá lífeyrissjóðum sem að var stefnt. Að endingu fengust lán hjá Landsbankanum, lægri fjárhæð og á óhagstæðari kjörum, auk þess sem lengri tíma tók að klára fjármögnun sem aftur hefur haft í för með sér aukinn vaxtakostnað hjá klúbbnum.


Framkvæmdir við útiæfingasvæðið sem að var stefnt í sumar eru langt komnar. Ákveðið var að draga verulega úr fjárfestingu nú frá því sem kynnt var bænum sbr. meðfylgjandi kynningu frá því í september 2017. Kostnaður vegna framkvæmda í sumar er áætlaður um 40 m.kr. Allar framkvæmdir hafa gengið illa vegna mikilla vætutíðar í sumar og bleytu í jarðvegi þar sem einungis hefur verið hægt að nýta stærri vinnutæki við framkvæmdir með slitróttum hætti. Þetta hefur falið í sér óhagræði og kostnaðarauka.



Framkvæmdir við inniæfingasvæðið á neðri hæð íþróttamiðstöðvarinnar eru í ágætum farvegi og er reiknað með að æfingaaðstaða þar verði tekin í notkun í veturn. Golfklúbburinn kynnti fyrir bænum áætlanir um kostnað við að koma upp þessari æfingaaðstöðu, sbr. meðfylgjandi efni frá desember 2017. Í ljósi þess sem að ofan greinir varðandi lægri fjármögnun og kostnaðaráuka er ljóst að tölувert vantar upp á til að klúbburinn geti klárað inni æfingaaðstöðu með sómasamlegum hætti þar sem aðgengi fyrir alla er tryggð.

Með bréfi þessu vill GM upplýsa um þessa stöðu mála og óskar eftir viðræðum um aðstoð bæjaryfirvalda sem fyrist með það að markmiði að hægt verði að koma upp viðeigandi inni æfingaaðstöðu nú í veturn.

Virðingarfyllst fyrir hönd Golfklúbbs Mosfellsbæjar,


Kári Tryggvason, formaður
kari@golfmos.is